

rekstrarafgangi stofnunarinnar skuli varið. Í gjafabréfinu segir, að þeim skuli, að frádregnum viðhalds- og umbótakostnaði, varið „fyrst og fremst til mannúðar- og menningarmálefna á Akranesi“. Í skipulagsskránni segir, að öllum arði af rekstri Bióhallarinnar skuli varið til að styðja mannúðar- og menningarmál innan Akraneskaupstaðar. Í 6. gr. skipulagsskrárinnar eru svo sérstaklega talin upp nokkur þeirra málefna, sem hér á að styðja, en þau eru bygging og rekstur gamalmennahælis og sjúkrahúss í kaupstaðnum og kaup lækningatækja og annars útbúnaðar til þessara stofnana.

Í lögum nr. 56 <sup>31</sup>/<sub>100</sub> 1927 segir í b-lið 3. gr., að skemmtanir, sem haldnar séu í góðgerðaskyni eða til styrktar málefnum, sem miða að almenningsheill, séu undanþegnar skemmtanaskatti samkvæmt þeim sömu lögum.

Að áliti réttarins verður varla um það deilt, að arðinum af rekstri Bióhallarinnar verði samkvæmt ákvæðum skipulagsskrárinnar varið „til styrktar málefnum, sem miða að almenningsheill“, eftir þeim skilningi, sem almennt er lagður í þau orð. Það þykir því ekki verða komizt hjá því að synja um framgang lögtaksgerðar þessarar.

Gerðarþoli hefur krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda eftir mati réttarins. Fógetarétturinn er ekki bær um að úrskurða hér greinda kröfu gerðarþola, og verður hún því ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak á ekki að hafa framgang.

Föstudaginn 18. maí 1945.

Nr. 142/1944. Réttvísinn og valdstjórnin

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Júlíusi Sigurðssyni Júlíussyni

(Eggert Claessen).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað  
hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Svipting ökuleyfis.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefur verið skotið til hæstaréttar einungis um ökuleyfissviptingu ákærða, en hann hefur verið náðaður af varðhaldsrefsingunni.

Eftir atvikum málsins, sem lýst er í héraðsdómi, þykir mega staðfesta ákvæði hans um sviptingu ökuleyfis.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 550.00 til hvors.

Það er mjög aðfinnsluvert, að lögreglumaður sá, er eftir varð á slysstaðnum, markaði ekki þá þegar á uppdrátt stað bifreiðarinnar og vegsummerki, athugaði ekkert um hemlafor og lét ekki þegar fara fram athugun á bifreiðinni.

Í þinghaldi 10. maí 1944 er lögð fram skrifleg skýrsla ákærða um aðdraganda slyssins, sem fer mjög í bága við frásögn hans í fyrri þinghöldum málsins. Var því full þörf að prófa hann nánar um þessi atriði og samprófa hann við vitni um þau, eftir því sem efni voru til. Þetta hefur ekki verið gert, heldur er ákærði aðeins látinn staðfesta hina nýju skýrslu sína án frekari skýringa. Það athugast og, að samkvæmt gögnum málsins virðist ákærði hafa brotið ákvæði 6. mgr. 20. gr. laga nr. 23/1941, en rannsókn málsins hefur ekki að því beint. Verður að átelja þessa galla á meðferð málsins.

#### Því dæmist rétt vera:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuleyfis ákærða, Júlíusar Sigurðssonar Júlíussonar, á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Eggerts Claessens, kr. 550.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur aukaréttar Reykjavíkur 10. maí 1944.

Ár 1944, miðvikudaginn 10. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 528/1944: Réttvísni

og valdstjórnin gegn Júlíusi Sigurðssyni Júlíussyni, sem tekið var til dóms 28. apríl sama ár.

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Júlíusi Sigurðssyni Júlíussyni bifreiðarstjóra til heimilis á Hrisateig 25 hér í bæ fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. marz 1920, og hefur sætt þessum kærnum og refsingum:

1935  $\frac{1}{11}$  Kærður fyrir þjófnað.

1935  $\frac{11}{12}$  Sátt, 10 kr. sekt fyrir akstur á ljóslausu reiðhjól.

1940  $\frac{7}{8}$  Sátt, 25 gr. sekt fyrir ölvun á almannaferi.

1943  $\frac{9}{10}$  Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á umferðarreglum.

Hinn 26. nóvember síðastliðinn um kl. 16,15 ók ákærður fólksflutningsbifreið sinni R 2192 norður Laufásveg. Ákærður var allsgáður og hvorki þreyttur né á annan hátt illa fyrir kallaður. Eftir slys það, sem varð í akstri þessum, var eigi framkvæmd skoðun á bifreiðinni af opinberri hálfu, en samkvæmt frásögn ákærðs var hún í sæmilegu ástandi að öðru leyti en því, að hraðamælir hennar var í ólagi. Hemlar hennar voru sæmilegir, bæði fóthemlar og handhemlar. Þar sem slysið varð, var gatan malbikuð og auð, en blaut. Súldarveður var og nokkur stormur og allrokkið, enda dimmt uppi yfir. Framrúða bifreiðarinnar var hrein, en utan á henni var rigningarbleyta, nema þar sem þurrkarinn náði til. Hann var vinstra megin á rúðunni, framundan sæti ákærðs. Undir rannsókn málsins skýrði ákærði svo frá, að hann hefði ekið sunnan Laufásveg með á að gizka 20 km hraða miðað við klukkustund eða riflega það, þar til hann blindaðist af skærum ljósum bifreiðar, er á móti kom, en þá hafi hann minnkað hraðann niður í á að gizka 15 km miðað við klukkustund. Ákærður kveður bifreið þá, sem á móti kom og hafði hin skæru ljós, hafa verið fólksflutningabifreið af venjulegri stærð, en aðrar upplýsingar hefur hann eigi um hana getað gefið. Bifreið þessa segir hann hafa ekið réttu megin á götunni, og hann hyggur, að hin skæru ljós hafi hætt að skína framan í sig og blinda sig á norðurmörkum móta Bragagötu og Laufásvegar. Meðan hann þannig var blindaður, ók hann áfram með um 15 km hraða miðað við klukkustund mjög nærri gangstéttinni, og á þessum hraða telur hann sig hafa ekið, þar til hann hemlaði rétt í því að slysið varð. Allt í einu sá ákærður mann á götunni fram undan bifreiðinni, og var bifreiðin þá komin svo að segja fast að honum, og gerðist það nú á augabragði, að ákærður beygði bifreiðina til vinstri og hemlaði hana svo sem unnt var með fóthemlunum, svo að hún nam staðar svo að segja um leið. Honum tókst þó ekki að afstýra slysi, því að hægra frambretti bifreiðarinnar rakst í manninn, svo að hann féll við og kastaðist frá bif-

reiðinni til hægri. Ákærðum virtist maðurinn vera á leið vestur yfir götuna, og gerir ráð fyrir, að hann hafi verið kominn út á hana miðja, þegar bifreiðin með skæru ljósunum ók framhjá bifreið ákærðs. Ákærður sá manninn líta til bifreiðarinnar í sömu andrúnni og slysið varð, og hann hefur á tilfinningunni, að maðurinn hafi numið staðar og ætlað að snúa við í því er slysið varð, en ekki getur ákærður gert sér fulla grein fyrir, hvort þessu var raunverulega svo háttað. Ákærður getur ekki gert sér grein fyrir, hvort maðurinn gekk þvert yfir götuna eða á ská, en álitur, að hann hafi gengið þvert yfir götuna. Ákærður gaf ekki hljóðmerki og sökum þess, hve slysið gerðist í skjótri svipan, kom honum ekki í hug að neyta handhemlanna. Um leið og bifreiðin hafði numið staðar, fóru ákærður og farþeginn út úr henni, og kveður ákærður manninn þá hafa legið á móts við hægri frambretti bifreiðarinnar. Hann var þá meðvitundarlaus. Ákærður ber, að slysið hafi orðið sem næst beint fram undan nyrðra garðhliðinu framan við Laufásveg 46, þó fremur sunnan þess en norðan. Farþeginn fór strax í sölubúð á Laufásvegi 41 og tilkynnti lögreglunni í síma um slysið. Ákærður breiddi teppi yfir manninn, en brátt kom lögreglan á staðinn og færði manninn, sem þá var kominn til meðvitundar, á brott.

Vegna máls þessa hafa Ingólfur Þorsteinsson, varðstjóri í rannsóknarlögreglunni, og Jón Ólafsson, bifreiðaeftirlitsmaður, athugað, undir mjög ámóta kringumstæðum að veðri og götu og voru, þegar slysið gerðist, hvort ljós bifreiðar, sem ekið er suður Laufásveg, geta, áður en sú bifreið er komin á gatnamót Baldursgötu, blindað eða haft truflandi áhrif á útsýn bifreiðarstjóra, sem ekur bifreið norður Laufásveg og er staddur á gatnamótum Bragagötu, eða á móts við Laufásveg 46.

Komust þeir að þeirri niðurstöðu, að mjög sterk ljós gætu algerlega blindað í þessu tilfelli og að bifreiðaljós, sem ekki er greindur styrkleiki á, gætu haft allmikil truflandi áhrif.

Eftir að ákærðum varð þessi álitsgerð kunn og verjandi hans hafði farið með honum gegnum próf málsins, hefur hann skýrt svo frá, að það sé sannfæring sín, að bifreið sú, er var með hin sterku ljós, sem blinduðu hann rétt áður en slysið varð, hafi ekki mætt sér heldur ekið norðan Laufásveg og beygt síðan upp í Baldursgötu, og að ljós hennar hafi kastast á sig, þegar hún var að beygja frá Laufásvegi. Kveður hann fyrri framburð sinn um, að bifreið þessi hafi farið fram hjá sér á Laufásveginum, hafa stafað af því, að svo ríkt hafi verið í huga sér, að svo hlyti að hafa verið, og að þegar hann lýsti bifreiðinni, hafi hann sagt það, er sér þótti sennilegast. Tekur hann fram í þessari síðustu skýrslu sinni, að hann sé ávallt vanur að hægja ferðina við gatnamót og að það hafi hann einnig gert við mót Laufásvegar og Bragagötu rétt áður

en slysið varð, aðeins vegna gatnamótanna. Einnig tekur hann fram, að það hafi allt skeð í sömu andránni, að ljósin skinu framan í hann, að hann hemlaði sem unnt var, að hann sá manninn fram undan, að hann snéri bifreiðinni til vinstri og að maðurinn varð fyrir bifreiðinni.

Maður sá, er fyrir bifreiðinni varð, var Jakob Jónsson frá Galtafelli til heimilis á Sjafnargötu 4 hér í bæ, 77 ára að aldri. Hlaut hann þann áverka við slysið, að hann andaðist daginn eftir. Hann var krufinn af dr. med. Júlíusi Sigurjónssyni, og er ályktun dr. Júlíusar um dánarorsök þessi:

„Við áverkann, sem maðurinn hefur fengið á höfuðið hægra megin, hefur komið sprunga í höfuðkúpuna sömu megin, en jafnframt hefur gagnaugadeild heilans (lobus temporalis) hinum megin marizt og æðar þar sprungið. Af þessu hefur hlotizt allmikil blæðing í og utan heila, sennilega hægt og hægt, sem hefur leitt til dauða.“

Sonur Jakobs heitins, Stefán múrarameistari, Mánagötu 18, hefur upplýst, að faðir sinn hafi í umrætt sinn farið heiman að án þess að láta heimilisfólkið vita. Hann var færður heim eftir slysið, og var hann þá með meðvitund í 15—20 mínútur, og sagði hann þá, að hann hefði ætlað að Galtafelli, Laufásvegi 46, til að finna Bjarna framkvæmdastjóra þar, bróður sinn. Einnig sagðist hann hafa ætlað, eftir að hafa hitt Bjarna, til Margrétar tengdadóttur sinnar á Laufásveg 9. Á því tímabili, sem Jakob heitinn hafði meðvitund, sagði hann ekki frá neinu, er upplýst geti, hvernig slysið varð. Hann var fatlaður á fæti og gekk nokkuð haltur. Sjón hafði hann góða. Hins vegar segir Stefán sér hafa virzt hann vera farinn að sljógast og telur þess vegna vera mega, að hann hafi ekki gætt bifreiðaumferðarinnar sem skyldi.

Farþegi sá, er í bifreiðinni var, er slysið gerðist, Magnús Kjartan Hannesson verkamaður, Reykhólum í Hveragerði, hefur borið vitni í málinu. Vitnið sat hægra megin í aftursæti bifreiðarinnar og veitti umferðinni enga sérstaka athygli fyrr en slysið varð. Það kveður bifreiðina hafa ekið með ljósum rétt úti við vinstri gangstétt á um 20 km hraða miðað við klst. Þegar ekið var yfir Bragagötu, var hraðinn minnkaður niður í 15—20 km miðað við klst., og hélzt sá hraði þar til slysið varð. Á gatnamótunum sá vitnið mjög sterkan ljósgeisla beinast framan að bifreiðinni. Vitnið taldi víst, að þetta væri bifreiðarljós, en skynjaði aldrei sjálfa bifreiðina. Það segir ekki vera á því nokkurn vafa, að ljós þetta hafi verið þarna um það bil, er slysið varð, en það þorir ekki að fullyrða, hvað af því var orðið á sjálfu slysaugnablikinu. Í þessum svifum sá vitnið mann framan við bifreiðina, og um leið varð hann fyrir hægra frambretti bifreiðarinnar og kastaðist á götuna. Bifreiðinni hafði verið hemlað, og stöðvaðist hún svo að

segja um leið og hún rakst á manninn. Vitnið og ákærður fóru þá strax út úr bifreiðinni, og lá þá maðurinn við hægri hlið hennar um 30—50 cm frá henni. Hann lá langsum eftir götunni með höfuð til suðurs, og var það á móts við hægri afturhjóla bifreiðarinnar. Vitnið símaði nú til lögreglunnar, sem kom brátt á slysstaðinn og færði manninn brott. Á þessum framburði hefur vitnið unnið eið. Þegar slysið gerðist, voru feðgarnir Guðlaugur Guðjónsson sjómaður og sonur hans Guðjón Magnús sjómaður, báðir til heimilis í Hópi í Grindavík, á gangi norður Laufásveg og voru að sögn Guðjóns Magnúsar staddir á norðurgangstéttinni sunnan Bragagötu, þó rétt við gatnamótin. Guðlaugur gerir sér ekki grein fyrir, hvort þeir voru sunnan Bragagötu eða ekki, en hann hyggur, að þeir hafi verið um 8—10 faðma frá slysstaðnum. Þeir sáu báðir bifreiðina aka með ljósum á um 15—20 km hraða miðað við klukkustund norður götuna úti við vinstri gangstétt, en þeir sáu enga aðra bifreið aka þarna um á þessum tíma. Fullyrðir Guðlaugur, að frá því bifreiðin hafi farið fram hjá þeim og þar til slysið varð hafi engin bifreið ekið suður eða norður fram hjá þeim feðgum. Báðum virtist þeim Jakob heitinn vera á leið austur yfir götuna mikið til vinstri á götunni. Svo að segja á sama augabragði og þeir sáu Jakob heitinn, rakst hægri framhorn bifreiðarinnar á hann, og nam hún þá strax staðar. Segir Guðjón Magnús slysið hafa gerzt á móts við norðurhorn Laufásvegur 46. Ekki tóku þeir eftir, að bifreiðin breytti um stefnu í því er slysið varð. Bæði þessi vitni hafa eiðfest framburði sína.

Rétt áður en slysið varð, kom Ottó Malmberg, 12 ára gamall, út á tröppurnar norðan við Laufásveg 47, sem stendur gegnt Laufásveg 46. Hann sá þá bæði bifreiðina og Jakob heitinn. Bifreiðin var þá komin yfir Bragagötu og var á móts við götuhornið hjá Laufásvegi 46, en Jakob heitinn var á gangi vestur yfir götuna nokkuð á ská og stefndi á nyrðra garðhliðið við Laufásveg 46. Vitnið hélt, að Jakob sæi bifreiðina og bifreiðarstjórinn Jakob, en þegar það sá, að bifreiðin hægði ekki ferðina og Jakob ekki heldur, ætlaði það að kalla, en alveg í því varð slysið. Meðan þetta gerðist, tók vitnið ekki eftir, að neinar aðrar bifreiðir væru þarna á götunni. Segir vitnið slysið hafa gerzt fram undan norðanverðu húsinu Laufásvegur 46. Vitnið sá, að bifreiðinni var ekið með ljósum á vesturkanti götunnar og á meðalhraða, það sá, að slysið varð þannig, að hægri framhorn bifreiðarinnar rakst í vinstra læri Jakobs heitins svo að hann tókst á loft og féll svo á grúfu við hægri hlið bifreiðarinnar, sem strax staðnæmdist. Vitnið Halldór Sigurðsson úrsmiður, Laufásvegi 47, var heima, er slysið varð. Það heyrði ungan dreng í húsinu kalla, að slys hefði orðið fram undan Galtafelli. Það hljóp þá út og sá þá Jakob heitinn liggja vestan til á akbrautinni sunnan verið við nyrðra

garðshliðið við Laufásveg 46. Bifreið stóð fast upp við vesturgangstéttina samsíða Jakob heitnum. Vitnið kveður gluggann á íbúð sinni hafa vitað út að slysstaðnum. Vitnið Agnar Júlíusson Guðmundsson stýrimaður, Karlagötu 18, kom á slysstaðinn rétt eftir að slysið varð. Hefur vitnið borið, að bifreiðin hafi staðið við vesturgangstéttina og snúið til norðurs og hafi verið um þrír metrar frá nyrðra garðshliðinu við Laufásveg 46 suður að framenda bifreiðarinnar. Langs með hægri hlið bifreiðarinnar lá Jakob heitinn. Vissi höfuð hans til suðurs.

Þegar vitnið Magnús Kjartan Hannesson tilkynnti slysið á lögreglustöðina, voru lögregluþjónarnir Guðmundur Jónsson, Ásgeir Kröyer og Vernharður Kristjánsson sendir í lögreglubifreið á slysstaðinn. Þeir settu Jakob heitinn strax á sjúkrabörur, og óku síðan Guðmundur og Vernharður með hann á Landsspítalann, en að lokinni aðgerð þar, fluttu þeir hann heim til hans. Ásgeir Kröyer varð eftir á slysstaðnum til að athuga málavexti slyssins. Lögregluþjónarnir eru allir sammála um, að Jakob heitinn hafi verið á götunni skáhallt suður frá suðurhorni hússins Laufásvegar 44, þegar þeir komu á vettvang. Lögregluþjónarnir Guðmundur og Vernharður taka þó fram, að þeir hafi í skyndingu sett Jakob heitinn inn í bifreiðina og ekið brott og að þarna hafi verið skuggsýnt. Kann þetta að valda því, að þeir hafi ekki tekið rétt eftir staðnum. Framburður Ásgeirs Kröyers um, hvar Jakob heitinn hafi verið, þegar lögreglan kom til hans, er eigi nákvæmlega hinn sami í þau tvö skipti, sem hann ber vitni í málinu.

Ekkert hefur komið fram um, að bifreiðin og Jakob heitinn hafi verið færð norður götuna frá því er slysið varð og þar til lögreglan kom. Þvert á móti hafa ákærður og vitni fullyrt, að svo hafi ekki verið. Af öllu því, sem rakið hefur verið varðandi slysstaðinn, verður að telja, að hann hafi verið sem næst framundan nyrðra garðshliðinu við Laufásveg 46, þó að öllum líkindum fremur sunnan þess en norðan, og kemur það alveg heim við frásögn ákærðs um slysstaðinn. Eigi þykir unnt að slá föstu, hvort bifreið sú, er hafði hin skæru ljós, er ákærður kveðst hafa blindazt af, fór fram hjá honum eða fór upp Baldursgötu, en ganga ber út frá því samkvæmt framburði ákærðs og vitnisins Magnúsar Kjartans Hannessonar, að bifreiðarljós hafi blindað ákærðan um stund.

Eigi er sannað, að neinu hafi verið ábótavant við bifreiðina, nema hraðamælinum. Með því að aka bifreiðinni án virks hraðamælis hefur ákærður brotið 9. gr. bifreiðalaganna.

Ákærðum var skylt að hemla bifreið sína, þegar er hann blindaðist af ljósunum, er á móti skinu, og sá ekki veginn fram undan. Hafi hann blindazt lengur en rétt í sjálfu slysaugnablikinu, hefur hann með því að vanrækja að hemla strax brotið 26. gr., 4. mgr.,

bifreiðalaganna. Hafi hann aftur á móti ekki blindazt fyrr en í sjálfu slysaugnablikinu, eins og hann telur í síðustu skýrslu sinni, hlaut hann að hafa séð Jakob heitinn áður á götunni, ef hann hefði sýnt nauðsynlega aðgæzlu við aksturinn, og átti því að gera ráð fyrir honum framundan. Nú er fullyrt af ákærðum, að hann hafi ekki séð Jakob heitinn fyrr en rétt í því, er slysið varð, og skal það ekki véfengt, en hafi hann eigi blindazt nema augabragð, hefur hann með aðgæzluleysi sínu brotið 27. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna.

Hvort heldur sem hefur verið, hefur ákærður ekið gálauslega og með hinum gálauslega akstri valdið dauða Jakobs heitins Jónssonar að verulegu leyti.

Framangreind brot ber að heimfæra ákærðum til refsingar undir 38. gr. bifreiðalaganna nr. 23 1941 og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 60 daga varðhald. Svo ber og samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærðan ökuleyfi í þrjú ár.

Ákærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Eggerts Claessens hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

#### Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Júlíus Sigurðsson Júlíusson, sæti 60 daga varðhaldi og skal sviptur ökuleyfi í þrjú ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Eggerts Claessens hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.